

Ed.

171. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið var lagt fram í efri deild Alþingis 9. desember. Er því ljóst að nefndin hefur ekki haft mikinn tíma til að fjalla um málið. Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum og kynnt sér umsagnir úr Nd. eftir föngum. Þótt nefndin telji óeðlileg þau vinnubrögð að afgreiða svo mikilsvert mál sem þetta á jafnskömmum tíma og raun ber vitni, vill nefndin eftir atvikum stuðla að því, að frumvarpið nái fram að ganga, og mælir því með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1976.

Ingi Tryggvason, form., frsm.	Oddur Ólafsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Jón G. Sólnes.	Bragi Sigurjónsson.	Halldór Ásgrímsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	